

5. bekkur samfélagsgreinar kennsluáætlun 2019-2020 eftir áramót

Kennarar: Edda Rún Aradóttir; Heiðdís Björk Gunnarsdóttir

5

Lýsing

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu.

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Hefur skilning á mikilvægum gildum s.s kærleika og umhyggju fyrir öðru fólki.
- Sýni kurteisi og umburðarlyndi í samskiptum.
- Geri sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og fjölbreyttum hlutverkum innan þeirra.
- Getur lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dyggða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.
- Getur vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda og hvernig vinna má með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.
- Fræðist um sögu og menningu heimabyggðar.
- Þekki helstu stofnanir samfélagsins og hlutverk þeirra.
- Kynnist auðlindum landsins og mikilvægi náttúruverndar.
- Geri sér grein fyrir hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkumtil að vernda umhverfið og auðlindir.
- Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.
- Geti gert sér grein fyrir einkennum lýðræðis .
- Þekki helstu áhrifavalda í sögu landsins (mikilvægt fólk og atburði).
- Geti gert sér grein fyrir áhrifum tækni á samfélag og umhverfi

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Ísland - Hér búum við (lesbók og vinnubók), auk ýmiskonar efnis frá kennara sem við á hverju sinni.

Kennsluáferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Verkefni tengd þemunum „Hver er ég“ og „Ísland.“
- Innlagnir frá kennara eða kveikja í upphafi verkefnis og/eða námsþema.
- Útlistunarkennsla.
- Lausnaleitarnám.

- Hópvinnubrögð/samvinnunám.
- Skapandi vinna.
- Einstaklingsverkefni.
- Ritunarverkefni.
- Umræður.
- Upplestur.
- Hringekja.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Símat á hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá og staða hæfni skráð inn á mentor.is.
- Virkni í tímum.
- Hegðun, framkoma og samkipti.
- Samvinna nemenda.
- Mat á verkefnum.
- Leiðsagnarmat.
- Sjálfsmat.

GF samfélagsgreinar 5. bekkur - Reyndluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.

GF samfélagsgreinar 5. bekkur

- Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.
- Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
- Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.

GF samfélagsgreinar 5. bekkur - Félagshimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.